

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs
haldinn í Aðalstræti, föstudaginn 30. desember 2011 kl, 19.00

Mætt: Steingrímur, Katrín, Sóley, Hildur, Arnþór, Líf og Þorvaldur. Bjarkey og Hlynur voru í síma. Jafnframt sátu fundinn Lilja Rafney frá þingflokki, Þóra Geirlaug frá UVG og Þóra Elfa frá EVG.

1. Svohljóðandi bókun fjögurra stjórnarmanna lögð fram:

Undirritaðir stjórnarmenn í Vinstri hreyfingunni grænt framboð mótmæla harðlega vinnubrögðum forystu flokksins sem birtist í fundarboði um stjórnarfund á næstsíðasta degi ársins. Fundurinn er boðaður með sólarhrings fyrirvara og við þær aðstæður að nánast útilokað er fyrir stjórnarmenn á landsbyggðinni komist til fundar.

Undirrituð benda ennfremur á að stjórn VG tók samskipti ráðherra ríkisstjórnarinnar og möguleikar breytingar á ráðherraskipan fyrir á stjórnarfundum sem haldinn var 9. þessa mánaðar. Þar kom fram eindreginn vilji til þess að ráðherrar flokksins tækju höndum saman og styrktu hvorir aðrir í störfum sínum. Breytingar á ráðherraskipan VG sem virðast að fyrirmælum samstarfsflokks í ríkisstjórn eru óásættanleg.

Við undirrituð munum því hundsá stjórnarfundinn í kvöld. Þannig mótmælum við því ferli sem nú á sér stað og gengur þvert gegn samþykktum æðstu stofnana flokksins.

Arndís Soffía Sigurðardóttir

Árni Steinar Jóhannsson

Þorleifur Gunnlaugsson

Þórarinn Magnússon

2. Breytingar á ríkisstjórn. Steingrímur kynnti fyrirhugaðar breytingar. Umræður.

Fundi slitið kl. 20.00. Næsti fundur áætlaður 14. janúar.